

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306
9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 91,65 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 36,35 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 21,40 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 61,10 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 8 670,00.

Hús 300—2000 m³ kr. 8 670,00 fyrir 300 m³ og kr. 6,45 fyrir hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 19 687,00 fyrir 2000 m³ og kr. 5,40 fyrir hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 873,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 739 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 245,80 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 12,30 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða